

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1212

frá 25. júlí 2016

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlaðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir framlagningu upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 99. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt þykir að setja fram almennar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir framlagningu lögbærra yfirvalda á upplýsingum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) að því er varðar viðurlög sem þau leggja á og ráðstafanir sem þau beita eins og um getur í 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB.
- 2) Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að auðkenna og skrásetja rétt upplýsingarnar um álögð viðurlög og ráðstafanir í samræmi við 99. gr. tilskipunar 2009/65/EB, þykir rétt að krefja lögbær yfirvöld um að veita henni nákvæmar og samræmdar upplýsingar um viðurlög og ráðstafanir, sem tilkynnt hefur verið um.
- 3) Nauðsynlegt er að forðast mögulega tvískráningu og neikvæða hæfnírekstra milli margra skýrslugjafayfirvalda innan aðildarríkis. Skilvirkast og minnst íþyngjandi til að ná slíku markmiði er að tilnefna einn tengilið við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina fyrir hvert aðildarríki.
- 4) Með það fyrir augum að mikilvægar upplýsingar séu teknar með í ársskýrslunni um viðurlög og ráðstafanir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin á að birta í samræmi við 1. mgr. 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB, ættu lögbær yfirvöld að veita upplýsingarnar með því að nota sérstök eyðublöð þar sem skýrt er tekið fram hvaða greinar tilskipunar 2009/65/EB voru brotnar.
- 5) Í skýrslugjöfnum um stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir sem birt er opinberlega í samræmi við 2. mgr. 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB, ætti með skýrum hætti að tilgreina viðurlög og ráðstafanir með því að leggja fram nægjanlega ítarlegar upplýsingar. Því er rétt að setja fram eyðublöð sem lögbær yfirvöld eiga að nota í þessum tilgangi.
- 6) Þessi reglugerð byggist á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fram til framkvæmdastjórnarinnar.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á né greint hugsanlegan kostnað og ávinning sem tengist því að innleiða stöðluðu eyðublöðin og málsmeðferðarreglurnar fyrir viðkomandi lögbær yfirvöld, þar sem það mundi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif þeirra, að teknu tilliti til þess að viðtakendur tæknilegu framkvæmdarstaðlana væru eingöngu lögbæru landsyfirvöldin í aðildarríkjunum en ekki markaðsaðilar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾,

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjótd. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tengiliðir

- Lögbær yfirvöld skulu tilnefna fyrir hvert aðildarríki einn tengilið fyrir sendingu á upplýsingunum sem um getur í 2. og 3. gr. og fyrir samskipti um sérhvert álitafni sem tengist afhendingu slíkra upplýsinga.
- Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) um tengiliðinn sem um getur í 1. mgr.
- Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilnefna tengilið fyrir viðtöku upplýsinganna sem um getur í 2. gr. og fyrir samskipti um sérhvert álitafni sem tengist viðtöku upplýsinganna sem um getur í 2. og 3. gr.
- Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tengiliðinn sem um getur í 3. mgr.

2. gr.

Árleg afhending samantekinna upplýsinga

Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka þessarar reglugerðar.

Þær upplýsingar skulu vísa til allra álagðra viðurlaga og ráðstafana yfir almanaksárið á undan.

Eyðublaðið skal fyllt út rafrænt og sent til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með tölvupósti með því að nota tengiliðinn sem um getur í 3. mgr. 1. gr., eigi síðar en 31. mars ár hvert.

3. gr.

Málsmeðferðarreglur og eyðublöð sem nota skal við skýrslugjöf

- Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um stjórnsluviðurlögin og -ráðstafanirnar sem um getur í 2. mgr. 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB með því að nota núverandi viðmót upplýsingatæknikerfisins, og tengdan gagnagrunn, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur sett upp fyrir móttöku, geymslu og birtingu upplýsinga um þessi stjórnsluviðurlög og -ráðstafanir í samræmi við 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB.
- Stjórnsluviðurlögin og -ráðstafanirnar skulu lagðar fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á því skýrsluformi sem sett er fram í II. viðauka.

4. gr.

Ógilding og uppfærsla skýrslna

- Ef lögbært yfirvald óskar að ógilda núverandi skýrslu sem það hefur áður lagt fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 3. gr., skal það fella núverandi skýrslu úr gildi og senda nýja.
- Ef lögbært yfirvald óskar að uppfæra núverandi skýrslu sem það hefur áður lagt fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 3. gr., skal það leggja fram nýja skýrslu með uppfærðum upplýsingum.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

5. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir árlega framlagningu samantekinna upplýsinga um öll álögð viðurlög og ráðstafanir

Samanteknar upplýsingar að því er varðar öll álögð viðurlög og ráðstafanir af hendi

[heiti lögbærs yfirvalds eða stofnunar] [árið]

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

[nafn viðkomandi móttakanda]

Í samræmi við 1. mgr. 99. gr. e tilskipunar 2009/65/EB óska ég að veita þér samanteknar upplýsingar að því er varðar öll álögð viðurlög og ráðstafanir af hendi [nafn lögbæra yfirvaldsins].

Viðurlög:

	Fjöldi viðurlaga sem lögð voru á skýrslugjafar - tímabilinu	Upphæð viðurlaga sem lögð voru á skýrslugjafar - tímabilinu
Grein tilskipunar 2009/65/EB sem lögleidd var með ákvæðum landslaga sem brotið var í bága við		
[númer greinarinnar, málsgreinarinnar, undirgreinarinnar]	[fjöldi viðurlaga]	[upphæð viðurlaga (*)]

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Grein tilskipunar 2009/65/EB sem lögleidd var með ákvæðum landslaga sem brotið var í bága við	Fjöldi viðurlaga sem lögð voru á skýrslugjafar - tímabilinu	Upphæð viðurlaga sem lögð voru á skýrslugjafar - tímabilinu
Heildarviðurlög	[heildarfjöldi viðurlaga ⁽¹⁾]	[heildarupp hæð viðurlaga ^{(*) (1)}]

(*) Vinsamlega setjið inn verðmæti í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Ef viðkomandi viðurlög eiga ekki eingöngu við um brot sem varða viðkomandi grein tilskipunar 2009/65/EB heldur einnig önnur ákvæði, bætið „SAMANLÖGÐU TÖLUNNI“ við hverja fjárhæð.

(1) Þar sem álögd viðurlög geta náð yfir fleiri en eitt lagaákvæði, er mögulegt að summa mismundi lína (fjöldi viðurlaga/fjárhæð) samsvari ekki heildarfjöldanum/-fjárhæðinni á viðurlögum sem lögð eru á.

Ráðstafanir:

Grein tilskipunar 2009/65/EB sem lögleidd var með ákvæðum landslaga sem brotið var í bága við	Fjöldi ráðstafana sem beitt var á skýrslutímabilinu
[númer greinarinnar, málsgreinarinnar, undirgreinarinnar]	[fjöldi ráðstafana]
Heildarráðstafanir	[heildarfjöldi ráðstafana ⁽¹⁾]

(1) Þar sem ráðstafanir sem beitt er geta náð yfir fleiri en eitt lagaákvæði er mögulegt að summa fjölda ráðstafana samsvari ekki heildarfjölda ráðstafana sem beitt er.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir skýrslugjöf um stjórnýsluviðurlög eða -ráðstafanir sem birtar eru opinberlega

Reitur	Lýsing	Gerð
Lagarammi	Upphafsstafaorð lagagerðar Sambandsins samkvæmt hverjum stjórnýsluviðurlög eru lögð á eða ráðstöfunum beitt	Skyldubundið
Aðildarríki	Upphafsstafaorð aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram stjórnýsluviðurlögin eða -ráðstafanirnar	Skyldubundið
Auðkenni einingar	Auðkenniskóðinn sem notaður er til að auðkenna sérstaklega lögaðila sem stjórnýsluviðurlög hafa verið lögð á eða ráðstöfunum beitt á	Skyldubundið
Yfirvaldskóði	Kennimerki lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram stjórnýsluviðurlögin eða -ráðstafanirnar	Skyldubundið
Lagarammi einingar	Upphafsstafaorð lagagerðar Sambandsins sem gildir um einingar sem stjórnýsluviðurlög hafa verið lögð á eða ráðstöfunum beitt á	Skyldubundið
Fullt heiti einingar	Fullt heiti einingarinnar sem stjórnýsluviðurlög hafa verið lögð á eða ráðstöfunum beitt á	Valkvætt

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Reitur	Lýsing	Gerð
Fullt heiti einstaklings	Fullt heiti einstaklinganna sem stjórnsluviðurlög hafa verið lögð á eða ráðstöfunum beitt á	Skyldubundið (eingöngu fyrir einstaklinga)
Viðurlög samkeppnisyfirvalds ríkis (NCA)	Upphafsstafaorð lögbæra yfirvaldsins sem hefur lagt á stjórnsluviðurlögin eða beitti ráðstöfununum	Skyldubundið
Frjáls texti	Texti stjórnsluviðurlaganna eða -ráðstafananna á megingtungumálinu	Skyldubundið
Frjáls texti	Texti stjórnsluviðurlaganna eða -ráðstafananna á öðru tungumáli (*)	Valkvætt
Dagsetning	Dagsetningin þegar lögbæra yfirvaldið lagði stjórnsluviðurlögin á eða beitti ráðstöfununum	Skyldubundið
Lokadagsetning	Dagsetningin sem stjórnsluviðurlögunum eða -ráðstöfununum lýkur	Valkvætt

(*) Önnur tungumál gætu annaðhvort verið venjubundið tungumál í alþjóðafjarmálageiranum eða annað opinbert tungumál aðildarríkisins
